

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 19. nóvember 2021
UST202110-154/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi – Leirubakki- Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Leirubakka.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina tvær lóðir Hraunvegur 59 og 61, þar sem heimilt er að reisa 200 m² hús á hvorri lóð.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er hraun sem fellur undir 61. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013 og samkvæmt mati Jónasar Ketilssonar, jarðeðlisfræðings fyrir Rangárþing ytra dags. 31. ágúst 2021, skal leitast við að byggja á sléttasta hluta lóðarinnar, þar sem hraunið er minnst úfið.

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreint mat og bendir stofnunin á að æskilegt sé að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi svæðisins. Ofangreindir þættir eiga einnig við aðrar framkvæmdir á svæðinu, svo sem lagning vegar og veitumannvirkja, á þann hátt að þær raska ekki jarðmyndunum sem hafa verndargildi sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur